

Nd.

545. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 6. gr. Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
Sett skal á fót nýtt stjórnsýslustig, héruð, milli ríkis og sveitarfélaga til að treysta byggð í landinu, koma á virku lýðræði og dreifa valdi frá ríki til landshluta.
Verkefni, sem sýslunefndum hafa verið falin með lögum, skulu falla til héraða nema sveitarfélög komi sér saman um annað.
2. Við IX. kafla (97.–105. gr.). Kaflinn orðist svo:

IX. KAFLI

Um héruð.

97. gr.

Landinu skal skipt í héruð svo sem hér segir:

1. **Suðurnes.**
Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstað.
2. **Kjalarnes.**
Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfjarðar-, Seltjarnarnes-, Kópavogs- og Garðakaupstað.
3. **Vesturland.**
Nær yfir Vesturlandskjördæmi.
4. **Vestfirðir.**
Nær yfir Vestfjarðakjördæmi.
5. **Norðurland vestra.**
Nær yfir Norðurlandskjördæmi vestra.
6. **Norðurland eystra.**
Nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra.
7. **Austurland.**
Nær yfir Austurlandskjördæmi.
8. **Suðurland.**
Nær yfir Suðurlandskjördæmi.

98. gr.

Héruð taka við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfa og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykkja. Einnig geta sveitarfélög innan héraða falið þeim stjórn eða umsjá sameiginlegra mála að fengnu samþykki héraðsþinga.

Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni:

húsnæðismál,
almannatryggingar,
skipulagsmál,
byggðamál,
menntamál,
þjóðminjavernd,
heilbrigðismál,
vegamál,
orkumál,
opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi),
ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu.

99. gr.

Tekjustofnar héraða skulu vera:

- a. Framlög frá ríki samkvæmt fjárlögum, skipt svæðisbundið á málaflokka sem héruð yfirtaka frá ríkinu.
- b. Hluti af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti skv. ákvörðun Alþingis, skipt á héruð í samræmi við búatölu.

- c. Aðstöðugjald frá fyrirtækjum og stofnunum sem eru að fullu eða að hluta til í eigu ríkisins, svo og frá aðilum sem fá stóran hluta tekna sinna af viðskiptum víða um land (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar og hliðstæð fyrirtæki). Hlutfallsleg álagning slíks gjalds og skipting þess á héruð skal ákveðin í sérlægum.
- d. Frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni er héruð taka að sér að sinna.

100. gr.

Héraðsþing fara með málefni héraða, þar á meðal skiptingu fjármagns til framkvæmda og rekstrar í málaflokkum sem héruð taka að sér, sbr. 98. gr.

Til héraðsþinga skal kosið í almennum hlutfallskosningum fjórða hvert ár, um leið og kosið er til sveitarstjórna, skv. nánari reglum í kosningalögum.

Fjöldi fulltrúa á þingi hvers héraðs skal vera fimmföld tala alþingismanna sem kjörnir eru í viðkomandi kjördæmi þar sem saman fara mörk héraðs og kjördæmis. Í Suðurnesja-héraði skal kjósa 30 fulltrúa á héraðsþing og í Kjalarnes-héraði 60 fulltrúa.

Kjósa skal jafnmarga varamenn á héraðsþing af hverjum lista og aðalmenn eru.

Alþingismenn viðkomandi kjördæma eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti, svo og varamenn þeirra.

Einnig eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti fulltrúar frá sveitarstjórnnum í héraðinu, einn frá hverjum lista sem fengið hefur kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn, svo og sveitarstjórar. Sveitarstjórn, sem kosin hefur verið óhlutbundinni kosningu, hefur á sama hátt heimild til að senda einn fulltrúa á héraðsþing.

Kostnað af setu alþingismanna á héraðsþingum greiðir Alþingi samkvæmt nánari reglum. Kostnað af þátttöku fulltrúa sveitarstjórna á héraðsþingum greiða viðkomandi sveitarfélög.

101. gr.

Héraðsþing skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í janúar- og septembermánuði, og er hinn síðari fundur aðalfundur. Í janúar skal skipt fjármagni til einstakra verkefna, m.a. á grundvelli fjárlagaafgreiðslu.

Héraðsþing kys árlega héraðsstjórn með hlutfallskosningu og skulu stjórnarmenn eigi vera færri en sjö.

Héraðsstjórn fer með málefni héraðsins milli héraðsþinga og í umboði þeirra. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðið, undirbýr mál fyrir héraðsþing og hefur umsjón með viðfangsefnum í samvinnu við hlutaðeigandi.

102. gr.

Um réttindi og skyldur héraðsþingmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Héraðsþing skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti er senda skal félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Á fyrsta fundi eftir kosningu héraðsþings skal kjörinn þingforseti og varaþingforseti.

Aldursforseti héraðsþings kveður það saman til fyrsta fundar og stjórnar kjöri þingforseta.

103. gr.

Kostnaður af störfum héraðsþings greiðist af tekjustofnum héraðsins, þar á meðal þóknun til héraðsþingmanna.

Reikningsár héraðsþings er almanaksárið.

Héraðsþing kýs tvo endurskoðendur reikninga sinna og tvo til vara.
Aðalfundur héraðsþings úrskurðar um ársreikninga næstliðins árs og skulu þeir sendir ráðuneyti eftir staðfestingu þeirra.

104. gr.

Héraðsþing skal í janúarmánuði ár hvert afgreiða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis. Fjárhagsáætlunin skal einnig send öllum sveitarstjórnnum í héraðinu til kynningar.

Ekkert gjald má greiða úr héraðssjóði nema heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun, ákvæði um það í lögum eða fyrir liggi samkomulag ef sveitarstjórnir eiga í hlut.

105. gr.

Héruð taka við eignum og skuldum sýslufélaga í héraðinu við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna ákvæða laga þessara um héruð sem þriðja stjórnarsýslustig skal strax sett á fót nefnd á vegum félagsmálaráðuneytis með aðild eins fulltrúa frá hverjum þingflokki og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefnd þessi skal gera nánari tillögur um tekjustofna héraða, sbr. 99. gr., og um tilfærslu verkefna frá ríki til héraða, sbr. 98. gr. Nefndin skal einnig fjalla um önnur álitaefni vegna tilkomu héraða sem nýs stjórnarsýslustigs og skila tillögum sínum fyrir 1. október 1986.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til 1. um sveitarstjórnir og héruð.